

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2022, þriðjudaginn 27. september, var haldinn 55. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.05. Fundinn sátu Magnea Gná Jóhannsdóttir, Christina Anna Milcher og Maria Sastre. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Jórunn Pála Jónsdóttir og Margaret Johnson. Einnig sátu fundinn Elísabet Pétursdóttir og Muhammed Emin Kizilkaya. Guðný Bára Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. júní 2022, um að Magnea Gná Jóhannsdóttir og Helgi Áss Grétarsson taka sæti sem aðalfulltrúar og Unnur Þöll Benediktsdóttir og Egill Þór Jónsson til vara í fjölmeningarráði 2022- 2026. Formaður er Magnea Gná Jóhannsdóttir. MSS22060054
2. Lagt fram bréf Sameykis, dags. 24. ágúst 2022, um að Christina Anna Milcher taki sæti sem aðalfulltrúi í fjölmeningarráði 2022-2026. MSS22070011
3. Lagt fram bréf Samtaka um Móðurmál, dags. 19. júlí 2022, um að Milan Chang taki sæti sem aðalfulltrúi og Maria Sastre til vara í fjölmeningarráði 2022-2026 MSS22070011
4. Lagt fram bréf Samtaka kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, dags. 15. ágúst 2022, um að Shelagh Smith taki sæti sem aðalfulltrúi og Margaret Johnson til vara í fjölmeningarráði 2022-2026. MSS22070011
5. Lagt er til að Helgi Áss Grétarsson verði kosinn varaformaður fjölmeningarráðs. MSS22090147
Samþykkt.
6. Lagt fram fundardagatal fjölmeningarráðs 2022-2023. MSS22090148
7. Fram fer umræða um verkefni fjölmeningarráðs . MSS22090171
8. Fram fer kynning velferðarsviðs á samræmdri móttöku flóttafólks í Reykjavík. MSS22090172
Jasmina Vajzovic Crnac tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
9. Fram fer kynning á verkefninu Sendiherrar í Breiðholti. MSS22090175
Jóhannes Guðlaugsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 16:44

Magnea Gná Jóhannsdóttir

Christina Anna Milcher

Maria Sastre